



Efnahags- og viðskiptanefnd
Nefndarsviði Alþingis

150 – REYKJAVÍK

Rvk. 6.11.2001

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 75/1981, um tekju- og eignarskatt, lögum nr. 83/1989, um Þjóðarþóklöðu og endurbætur menningarbygginga, lögum nr. 113/1990, um tryggingagjald, lögum nr. 45/1987, um staðgreiðslu opinberra gjalda, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga og lögum nr. 145/1994, um bókhald, með síðari breytingum, 114. mál

Í þessu frumvarpi er gert ráð fyrir viðamiklum breytingum á skattlagningu fyrirtækja og einstaklinga. Umsögn þessi afmarkast í meginatriðum við breytingar á skattlagningu fyrirtækja. Breytingarnar má í aðalatriðum flokka í sex þætti. Í fyrsta lagi er tekjuskattur fyrirtækja lækkaður úr 30% í 18%. Í öðru lagi er eignarskattur lækkaður úr 1,2% af stofni í 0,6% og sérstakur eignarskattur aflagður. Í þriðja lagi er verðbólguleiðrétting í skattskilum afnumin. Í fjórða lagi er tryggingagjald hækkað úr 5,23% í 6,0%. Í fimmta lagi er einstaklingum í atvinnurekstri auðveldað að færa rekstur sinn yfir í hlutafélag. Í sjötta lagi eru lagðar til ýmsar breytingar, sem skv. athugasemdum snúa fyrst og fremst að túlkun og framkvæmd laganna, en þegar betur er að gáð hafa ýmsar þeirra mjög miklar breytingar í för með sér.

SA fagna þeirri stefnumörkun frumvarpsins að skapa þurfi íslenskum fyrirtækjum starfsskilyrði sem séu ekki aðeins sambærileg við önnur lönd heldur betri í ljósi þess að þau búi að mörgu leyti við erfiðari aðstæður en erlend fyrirtæki, m.a. vegna smæðar heimamarkaðar og fjarlægðar frá erlendum mörkuðum. Þá fagna SA þeirri stefnumörkun sem fram kom í yfirlýsingum forsvarsmanna ríkisstjórnarinnar í tengslum við framlagningu frumvarpsins að frumvarpið sé skref í átt að samkeppnishæfara skattaumhverfi og að frekari skref séu fyrirhuguð, m.a. að eignarskattar verði afnumdir að fullu.

SA leggja þó áherslu á að ef hægt á að vera að lögfesta niðurfellingu verðbólguleiðréttinga í skattskilum nú samhliða öðrum breytingum er óhjákvæmilegt að gera viðamiklar breytingar á frumvarpinu til að milda áhrif niðurfellingarinnar. Ef það verður ekki gert mun verðbólga leiða til þess að skattgreiðslur fyrirtækja fara sívaxandi. Meðal þeirra breytinga sem samtökin leggja til eru að afskriftarhlutföll verði hækkuð, stíglækkandi afskriftir verði heimilaðar, heimilt verði að velja á milli línulegra og stíglækkandi afskrifta, tímatakmark á heimild til að draga eftirstöðvar rekstrartapa frá tekjum verði fellt niður, tekjuskattar síðustu ára komi til endurgreiðslu ef um taprekstur er að ræða og að stofnverði eigna verði áfram breytt með verðbreytingarstuðli við útreikning söluhagnaðar. Þá leggja samtökin áherslu á að áformuð hækkun tryggingagjalds verði tekin til sérstakrar skoðunar.

Flókið er að leggja mat á áhrif fyrirhugaðra breytinga á atvinnulífið og afkomu ríkissjóðs. Samkvæmt frumvarpinu eru brúttóáhrifin af breytingum á skattlagningu fyrirtækja á stöðu ríkissjóðs, þ.e. áhrif án afleiddra áhrifa á almenna framvindu efnahagsmála, eftirfarandi á árinu 2003.

Áætluð áhrif skattabreytinga á tekjur ríkissjóðs:

Félög	M.kr.	Einstaklingar	M.kr.
Lækkun tekjuskatts	-2.700	Lækkun tekjuskatts	-1.250
Afnám sérstaks eignarskatts	-400	Afnám sérstaks eignarskatts	-400
Lækkun eignarskatts	-1.100	Lækkun eignarskatts	-2.000
Afnám verðbólguleiðréttinga	0	Hækkun fríeignamarks	-1.000
Hækkun tryggingagjalds	2.500	Hækkun frítekjumarks í sérst. tekjusk.	-600
		Niðurfelling skattlagningar húsaleigubóta	-150
Samtals	-1.700	Samtals	-5.400

Eins og fram kemur í töflunni eru áætluð áhrif skattabreytinganna á tekjur ríkissjóðs mun meiri af breytingum á sköttum einstaklinga en fyrirtækja. Í athugasemdum með frumvarpinu segir að þrír fjórðu hlutar aukinna tekna ríkissjóðs af hækkun tryggingagjalds sé borinn af atvinnulífínu en fjórðungur af öðrum. Þarna mun um misskilning að ræða því öll upphæðin, 2.500 m.kr. mun leggjast á atvinnulífið, og hlýtur það að kalla á að fyrirhuguð hækkun gjaldsins verði endurskoðuð.

Áhrif fyrirhugaðra breytinga á sköttum fyrirtækja eru mun meiri og flóknari en fram kemur í þessum áætlunum þar sem þær munu hafa áhrif á fjárfestingar og staðarval fyrirtækja, þ.e. koma í veg fyrir að fyrirtæki fari úr landi og laða fyrirtæki til landsins. Þannig munu ofangreindar skattalækkanir leiða til stækkunar skattstofna þegar fram í sækir, enda yfirlýst markmið þeirra, og er það mat fjármálaráðuneytisins að skatttekjur ríkissjóðs af auknum efnahagssumsvifum muni aukast um 3,5 milljarðar króna. Fyrir liggur þó að fyrirhugaðar breytingar munu hafa mikil jákvæð áhrif á söluhagnað af þeim hlutabréfum í þess eigu sem til hefur staðið að selja. Ljóst er að slíkt mat er mikilli óvissu háð og mikilar líkur á því að skattalækkanirnar hafi mun meiri áhrif ef markmið þeirra nást. Þá mun afnám verðbólguleiðréttinga hafa áhrif á löngum tíma og verða mjög mismunandi eftir verðbólguþingi og hversu fjármagnsfræk og skuldug fyrirtæki eru. Virðist sem afnám verðbreytingarfærslu hafi mun meiri áhrif en ráða megi af athugasemdum með frumvarpinu og er nauðsynlegt að vandlega verði farið yfir þau mál við meðferð frumvarpsins. Hér á eftir verður gerð grein fyrir sjónarmiðum varðandi helstu atriði frumvarpsins.

1. Lækkun tekjuskatts úr 30% í 18%.

SA hafa lagt áherslu á að tekjuskattshlutfall fyrirtækja lækkaði umtalsvert og lögðu fram tillögu um lækkun þess í 15% í maí sl. Frá því að skatthlutfallinu var síðast breytt árið 1996 hafa skatthlutföll erlendis farið lækkandi og það forskot sem Ísland eitt sinn hafði er horfið. Lækkun tekjuskattsins er því bæði studd þeim rökum að alþjóðleg þróun kalli á lækkun þess og því að hún stuðli að auknum hagvexti og stækkun skattstofna. Tímasetning lækkunar á tekjuskatti fyrirtækja er mjög góð þar sem íslenskt efnahagslíf siglir inn í samdrátt og skattalegar örvunaraðgerðir eiga vel við.

2. Lækkun eignarskatts.

Eignarskattar á fyrirtæki þekkjast vart í nálægum löndum og þar sem þeir voru við lýði, t.d. í Austurríki, Þýskalandi, Ítalíu og Kanada, hafa þeir verið afnumdir. Eignarskattar hafa vaxið ört á undanförunum árum í kjölfar bættrar eiginfjárstöðu íslenskra fyrirtækja og eru því verulega íþyngjandi. Þegar tekju- og eignarskattar hafa verið virtir saman hefur skattalegt umhverfi íslenskra fyrirtækja í raun verið afar óhagstætt í alþjóðlegum samanburði. Það er því ástæða til að fagna þeim áfanga sem hér er fyrirhugaður en jafnframt lögð áhersla á að stefnt verði að afnámi eignarskatts á fyrirtæki sem allra fyrst. Nefna má í þessu samhengi að þau fyrirtæki sem fjárfest hafa hér á landi í orkufrekum iðnaði hafa öll fengið undanþágu frá eignarskatti sem sýnir öðru fremur fram á nauðsyn þess að skatturinn sé afnuminn þannig að fyrirtæki hér á landi sitji við sama bord.

3. Afnám verðbólguleiðréttinga í skattskilum

Samtök atvinnulífsins hafa hvatt til þess að verðbólguþingi yrðu afnumin og að fyrirtækjum verði heimilt að færa bókhald og telja fram til skatts í erlendri mynt. Aukin alþjóðavæðing íslensks



atvinnulífs kallar á slíkar breytingar. Áhrif afnáms verðleiðréttinga eru hins vegar mjög mikil og ástæða til að huga að áhrifum þeirra á afkomu fyrirtækja. Samkvæmt frumvarpinu er lagt til að allar verðbólguleiðréttingar verði felldar niður. Í gildandi lögum eru þessar leiðréttingar í aðalatriðum þrenns konar. Í fyrsta lagi er verðbreytingarfærslan sem færð er til tekna eða gjalda eftir því hvort peningalegar skuldir eru umfram eignir eða ekki. Í öðru lagi er fyrningargrunnur eigna uppfærður árlega skv. verðbreytingarstuðli. Í þriðja lagi er stofnverð eigna uppfært með verðbreytingarstuðli við ákvörðun söluhagnaðar. Þá eru vörubirgðir endurmetnar með tilliti til verðlagsþróunar.

Afnám verðbólguleiðréttinga er byggt á tillögum nefndar um verðbólguveikningsskil sem fylgja frumvarpinu í fylgiskjali, en hún lagði til að öll ákvæði laganna um leiðréttingar fyrir áhrifum verðlagsbreytinga yrðu felld niður. Nefndin tók þó fram að huga þyrfti að breytingum á lögum sem dregið gætu úr áhrifum niðurfellingarinnar, þ.m.t. reglur um söluhagnað, fyrningarreglur og niðurfærslu birgða. Með álitinu fylgja útreikningar sem benda til þess að skammtímaáhrif á skatttekjur ríkissjóðs verði lítil. Áhrifin til lengri tíma eru hins vegar meiri og neikvæð fyrir fyrirtækin þar sem fyrningargrunnar rýrna og söluhagnaður eigna verður meiri vegna verðbólgu.

SA taka undir með skýrsluhöfundum að huga þyrfti sérstaklega að breytingum sem dragi úr áhrifum niðurfellingar verðbólguleiðréttinga. Það er hins vegar ekki gert í þessu frumvarpi. Í ljósi þess að áhrif niðurfellingarinnar eru mjög mismunandi eftir atvinnugreinum og fyrirtækjum og um marga kosti að ræða til að draga úr áhrifunum er nauðsynlegt að skoða þessa þætti vandlega og móta tillögur sem staðið geta til frambúðar.

Ef hægt á að vera að lögfesta niðurfellingu verðbólguleiðréttinga í skattskilum nú samhliða öðrum breytingum er óhjákvæmilegt að gera viðamiklar breytingar á frumvarpinu til að milda áhrif niðurfellingarinnar. Ef það verður ekki gert mun verðbólga leiða til þess að skattgreiðslur fyrirtækja fara sívaxandi.

Fjármunaeign atvinnulífsins var um 900 milljarðar króna í lok árs 2000 að mati Þjóðhagsstofnunar. Afskriftir voru tæpir 60 milljarðar, eða um 7% af fjármunaeign fyrri árs. Fjármunaeignin rýrnar í verðbólgunni, ef hún er ekki endurmetin, eins og gert er í verðbólguveikningsskilum og afskriftir rýrna því að raungildi. Áhrifin hlaðast upp með tímanum. Dæmin í greinargerð með frumvarpinu miðast einungis við áhrif breytinganna á eitt rekstrarár og eru áhrifin þar því vanmetin. Með einföldu reikningsdæmi er hér slegið mati á áhrif mishárrar verðbólgu á skattgreiðslur. Gert er ráð fyrir að afskriftir séu um 7% af fjármunaeign á ári og að sömu fjárhæð sé varið í fjárfestingar, þannig að fjármunaeignin haldist óbreytt að raungildi. Taflan sýnir útkomuna eftir 12 ár.

Aukning árlegra skatttekna ríkissjóðs vegna minni afskrifta í verðbólgu, eftir 12 ár¹

Verðbólga	Skattaauki ríkissjóðs
2½%	1.700 milljónir króna
5%	2.900 milljónir króna
10%	4.500 milljónir króna

Þegar verðbólguleiðréttingar voru teknar upp á sínum tíma voru fyrningarhlutföll lækkuð. Við afnám verðbólguleiðréttinga er því eðlilegt að hugað sé að hækkun þeirra. Alþjóðlegur samanburður leiðir í ljós að fyrningarhlutföll eru víða hærri en hér á landi. Þannig eru fyrningarhlutföll verksmiðjuvéla að hámarki 15% hér á landi en rýmri víða annars staðar, 20%, 25% og allt að 33%. Sama gildir um bifreiðar, flutningatæki og skrifstofubúnað sem víðast er heimilt að afskrifa með hraðar en hér á landi. Þá er algengt að heimilt sé að velja á milli línulegra afskrifta og stíglækkandi (decreasing balance)². Sá möguleiki þarf einnig að vera fyrir hendi hér á landi.

¹ Sjá nánari útreikninga í fylgiskjali.

² Sjá fylgiskjal um afskriftarreglur í ýmsum löndum skv. Ernst&Young, Worldwide Corporate Tax Guide 2001.



Rökin fyrir niðurfellingu verðbólguleiðréttinga hafa verið alþjóðavæðing íslensks atvinnulífs og þau að erlendir aðilar eigi erfitt að skilja íslenskar skattareglur. Þessi rök eiga þó einna síst við um afnám verðbólguleiðréttinga við ákvörðun á söluhagnaði eigna. Má í því sambandi benda á að í Bretlandi, á Írlandi og í fleiri ríkjum er stofnverð eigna hækkað með verðvísitölu þegar söluhagnaður er ákvarðaður. Þannig er aðferðin ekki með öllu óþekkt erlendis og það hlýtur raunar að vera erfðara að skilja skattlagningu á skattstofnum sem að mestu hafa orðið til vegna verðbólgu. SA leggja því til að áfram verði tekið tillit til verðbreytinga við ákvörðun söluhagnaðar.

Í stuttu máli leggja Samtök atvinnulífsins áherslu á að frumvarpið taki eftirfarandi breytingum.

- Afskriftarhlutföll verði hækkuð.
- Stiglækkandi afskriftir verði heimilaðar (Decreasing balance) með hærri afskriftarhlutföllum en þegar afskriftir eru línulegar.
- Heimilt verði að velja á milli línulegra og stiglækkandi afskrifta eftir árum.
- Tímatakmark á heimild til að draga eftirstöðvar rekstrartapa frá tekjum verði fellt niður.³
- Tekjuskattar síðustu þriggja ára geti komið til endurgreiðslu ef um taprekstur er að ræða (Carryback).
- Stofnverði eigna verði áfram breytt með verðbreytingarstuðli við útreikning söluhagnaðar.

Þá bera að skoða þann möguleika að heimilt verði að leggja framlag í fjárfestingarsjóð eins og áður tíðkaðist og heimilt er víða erlendis. Ennfremur að söluhagnaður tiltekinna eigna geti verið skattfrjálst eftir ákveðinn eignarhaldstíma.

4. Hækkun tryggingagjalds

Samkvæmt frumvarpinu hækkar tryggingagjald um 0,77% frá 1.1.2003 sem skila á ríkissjóði 2.500 m.kr. tekjuauka. Breytingar á skattlagningu fyrirtækja eru settar fram sem ein heild og er þessi hækkun gerð til að auka svigrúm til lækkunar á tekju- og eignarsköttum. Í athugasemdum er sagt að lækkun skatta á fjármagn og hækkun skatta á vinnuafli sé rökrétt miðað við ríkjandi aðstæður hér á landi og stuðli að auknum þjóðhagslegum sparnaði. Þá er bent á að tryggingagjöld hér á landi séu tiltölulega lág miðað við það sem gengur og gerist í öðrum löndum, jafnvel þótt tekið sé tillit til lífeyrissjóðsiðgjalda. Varðandi 2.500 m.kr. tekjuauka ríkissjóðs segir í athugasemdum með frumvarpinu að 3/4 hlutar hans leggist á atvinnulífið. Það mun vera byggt á misskilningi og leggst öll sú upphæð á atvinnulífið sem þýðir að gengið er út frá því að tryggingagjaldastofn atvinnulífsins sé 325 milljarðar kr. Hafi staðið til að auka álögur á atvinnulífið um 1.667 m.kr. en ekki 2.500 m.kr. til þess að gera það kleift að lækka tekju- og eignarskatta fyrirtækja með umræddum hætti, þá hlýtur þessi 0,77% hækkun gjaldsins að koma til endurskoðunar.

Þótt tilflutningur skattlagningar af fjármagni yfir á vinnuafli stuðli að aukningu þjóðhagslegs sparnaðar þá felur sú aðgerð í sér verri rekstrarskilyrði hjá mörgum fyrirtækjum, einkum í vinnuafsfrekri starfsemi þar sem erfitt eða ógerlegt er að bæta kostnaðarhækkanir upp með verðhækkunum. Þá er það rétt ábending að tryggingagjald sé lægra hér á landi en launatengdir skattar fyrirtækja í öðrum löndum, jafnvel þótt iðgjöldum í lífeyrissjóði sé bætt við. Sá samانبurður getur þó ekki gefið sjálfstætt tilefni til lækkunar tryggingagjalds. Ástæðurnar liggja í mismunandi gerð skattkerfa. Í öðrum löndum standa þessi gjöld oft algerlega undir kostnaðinum af þeim réttindakerfum sem þau tengjast, þ.e. réttindum til elli- og örorkulífeyris, slysa- og sjúkratrygginga o.s.frv. Breytingar á kostnaði við þessi réttindakerfi leiða þannig yfirleitt til lækkunar gjaldanna. Svo háttar ekki til hér á landi. Tryggingagjaldið stendur einungis að hluta til undir kostnaðir Tryggingastofnunar vegna elli- og örorkulífeyris, sjúkra- og slysatrygginga. Afgangurinn er borinn af almennum skatttekjum ríkissjóðs. Hátt hlutfall óbeinna skatta í tekjum ríkissjóðs gerir það að verkum að aðrir skattstofnar, þ.m.t. tryggingagjöld, hafa hlutfallslega minna vægi í alþjóðlegum samamburði. Þá er ótalinn ýmis kostnaður sem borinn er af íslensku atvinnulífi en ekki í öðrum löndum. Má þar nefna greiðslur launa í veikindatilfellum, sem víða erlendis, m.a. í Skandinavíu, eru bornar af opinberum stofnunum sem fjármagnaðar eru með launatengdum gjöldum. Þar til viðbótar leggjast sammingsbundin og lögbundin gjöld á launagreiðslur hér á landi, eins

³ Sjá fylgiskjal um skattalega meðhöndlun yfirferanlegs taps í ýmsum löndum.



og iðgjöld í sjúkra- og orlofssjóði, en slík gjöld þekkjast ekki í þeim löndum sem við berum okkur saman við.

5. Aðrar breytingar skv. frumvarpinu og varða atvinnulífið

Skattaleg meðferð framlags launagreiðanda til öflunar lífeyrisréttinda

Samtök atvinnulífsins leggja eindregið gegn þeirri breytingu á 5. tl. 28. gr. laganna um tekju- og eignarskatt sem frumvarpið kveður á um og leggja til að þessi grein verði tekin út úr frumvarpinu. SA telja enga þörf á því að takmarka þennan sparnað, enda eru lífeyrisgreiðslurnar skattlagðar. Hlýtur að vera jákvætt að fólk taki ábyrgð á þessum málum og létti byrðum af tryggingakerfinu þegar fram í sækir. Þessi lagabreyting er öldungis óviðkomandi þeim heildstæðu breytingum sem frumvarpið stefnir að og eðlilegt að sjálfstæð umræða fari fram um þetta mál. Sætir raunar furðu að eftir alla þá umræðu sem fram hefur farið um stöðu lagasetingar sem fer í bága við stjórnarskrá, þá skuli tillaga sem þessi koma fram sem augljóslega fær ekki staðist jafnræðisreglur þar sem iðgjöldum til öflunar lífeyrisréttinda er mismunandi í skattalegu tilliti eftir því hvort sambærileg starfskjör grundvallast annars vegar á lögum eða kjarasamningum eða hins vegar á fjálsamningum milli launamanns og vinnuveitanda hans. Þá má benda á að í umræddu ákvæði felst mismunur eftir aldri manna eins og ákvæðið er sett fram. Þannig hefur launamaður á miðjum aldri eða eldri mun rýmri rétt til viðbótarlífeyrissparnaðar í formi mótfamlags vinnuveitanda en sá yngri, þar sem þeir sem eldri eru eiga að baki sér sögu vaxandi lífeyrisréttinda og eiga þannig yfirleitt rétt til lífeyris sem er lægri en núverandi tekjur. Svo háttar ekki til með yngri menn. Sem dæmi má nefna að maður á þrítugsaldri sem á rétt í t.d. Lífeyrissjóði verslunarmanna tryggir sér lífeyri sem er nokkuð hærri en núverandi laun með greiðslu sammingsbundins iðgjalds, 10%, og 6,4% viðbótarparnaði (4% sjálfur auk mótfamlaga) sé byggt á reglum þessa ákvæðis um vexti og framreikning til 67 ára aldurs. Viðbótarlífeyrissparnaður í formi mótfamlags vinnuveitanda til viðbótar iðgjaldi sem nemur 16,4% af launum yrði því skattlagður hjá launamanni skv. þessu ákvæði. Má ætla að mörg fyrirtæki veiti sínu starfsfólki þessi réttindi, þótt það starfi ekki eftir þeim kjarasamningum sem skylda þau til þess. Ríkisstarfsmenn þurfa ekki að hafa áhyggjur af þessu þótt séreignarsparnaði yrði bætt við lífeyri sem miðast við ákveðið hlutfall af núverandi launum. Þær tölur hafa verið settar fram að hjá alþingismönnum þurfi iðgjald að vera um 50% af launum, til að standa undir þeim réttindum sem lofað er, mun herra hjá ráðherrum og sennilega nálægt 100% af launum hjá forseta Íslands.

Sú veigamikla breyting sem þarna er lögð til, að hækka viðmiðun um töku lífeyris í 67 ár gerir ákvæðið enn óhagstæðara fyrir launþegana og fer alveg gegn þeirri þróun sem búast má við. Í nágrannalöndum okkar er algengast að menn hefji töku lífeyris um 60 ára aldur og verður að búast við því að þróunin verði í þá átt hjá okkur þegar fólk fer að eiga raunverulegt val í þessum efnum. Ýmis vandamál koma líka upp vegna þess að laun á almennum vinnumarkaði fara yfirleitt lækkandi á síðari hluta starfsævinnar. Slíkar óþarfa takmarkanir á möguleikum til að afla sér lífeyrisréttinda þurfa því að vera mjög rúmar ef þær eiga ekki að valda sérstökum vandræðum.

Um 49. gr. Breyting á lögum nr. 144/1994 um ársreikninga

Ákvæðið gerir ráð fyrir að 25. gr. laga nr. 144/1994, um ársreikninga, falli alfarið brott

Samkvæmt frumvarpinu er öll 25. gr. laganna felld út. B-liður greinarinnar fjallar um heimild til að endurmeta langtímaeignir ef raunvirði þeirra er verulega og varanlega herra en bókfært verð (sem við afnám greinarinnar myndi miðast við upphaflegt kaup- eða kostnaðarverð). Það endurmat hefur í raun ekki með hina venjulegu verðleiðréttingu að gera. Athugasemdir með ákvæðinu eiga því ekki við um brottfall þessa tiltekna endurmats og ætti að fá að halda sér þó svo að a-liðurinn væri felldur brott. Erlendis er slíkt endurmat framkvæmt með vissu árabili með hliðsjóð af verðbólguþróun og verðþróun viðkomandi eignar. Tillaga um niðurfellingu b-liðar þessarar greinar þessarar hlýtur að vera gerð að óathuguðu máli og vera mistök.

Um 3. gr.

Varðandi breytingar á 1. mál. 1. mgr. 9. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt er vísað til bréfs til Efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis frá PricewaterhouseCoopers hf., Deloitte & Touche hf., KPMG hf. og Taxis ehf. þar sem fram kemur gagnrýni á breytingu ákvæðisins. Er tekið undir þau sjónarmið er þar koma fram.

Um 19. gr. Skattlagning móttækis arðs frá erlendum dótturfélögum

Í 19. gr. er bætt nýjum málslíð við 8. tl. 31. gr. og kveðið á um að fjármálaráðherra setji nánari reglur um framkvæmd 8. tl. 31. gr. Þar er átt við skýringu þess hvað teljist sambærileg skattlagning erlendra félaga miðað við þau íslensku þannig að móttækinn arður frá hinu erlenda félagi veiti frádrátt skv. 8. tl. 31. gr. Það getur skipt íslensk félög, sem eiga erlend dótturfélög eða hluti í erlendum félögum, verulega miklu máli hvernig móttækinn arður frá þeim verður skattlagður hérlendis. Telja verður að það sé varhugavert að framselja þessa túlkun til ráðherra enda er það túlkun ákvæðisins sem ákveður hvenær um skattlagningu arðs verður að ræða eða ekki. Réttara væri að leitast væri við að setja þær reglur sem eiga að gilda á þessu sviði sem mest inn í lagatextann og eftir atvikum í athugasemdir með slíkum ákvæðum, enda á að leggja skatta á með lögum.

Um 27. gr. Flutningur einstaklingsrekstrar í einkahlutafélög

Frumvarpið virðist gera ráð fyrir því að einstaklingur í rekstri verði að stofna einkahlutafélagið sérstaklega vegna flutnings rekstrarins yfir í félagið. Þetta felur í sér að ekki væri heimilt fyrir einstaklinginn að nota félag sem hann á fyrir, þó svo að hann mætti hugsanlega sameina þessi tvö félög strax að lokinni sérstakri stofnun á félaginu. Þetta er óeðlilegt og auðvelt að láta uppfylla öll þau skilyrði sem ákvæðið setur þó svo ekki sé um að ræða sérstaka skyldu til að stofna félagið sérstaklega að þessu tilefni.

Skattlagning söluhagnaðar erlendra aðila af íslenskum hlutabréfum

Eitt af markmiðum frumvarpsins er sem fyrr segir að laða erlenda fjárfesta til fjárfestingar í íslenskum fyrirtækjum. Engu að síður hefur ekki verið gerð tillaga um að söluhagnaður erlendra aðila af íslenskum hlutabréfum sé skattfrjálur á Íslandi. Þannig er ákvæði í 7. tl. 3. gr. laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, látið standa óbreytt, þ.m.t. ákvæði sem kom inn með 1. gr. laga nr. 95/1998 um skattskyldu erlendra aðila af söluhagnaði íslenskra hlutabréfa. Ákvæðið er til þess fallið að fæla erlenda fjárfesta frá kaupum á íslenskum hlutabréfum þar sem söluhagnaður þeirra er skattskyldur með þeim hætti að kaupanda hlutabréfanna ber að halda eftir 15% staðgreiðslu af hagnaði hins erlenda aðila við sölu á hlutunum. Þessi prósentu er að vísu lækkuð úr 20% með frumvarpinu. Ákvæðið leiðir því til þess að arðsemi fjárfestingarinnar þarf að vera mun meiri en annars staðar til að hún borgi sig fyrir hinn erlenda fjárfesti. Reglan leiðir einnig til þess að þegar erlendi fjárfestirinn hefur fjárfest í íslenskum hlutabréfum borgar sig ekki fyrir hann að selja þau til íslenskra aðila eða aðila sem eru staðgreiðsluskyldir á Íslandi, heldur til aðila sem ekki er staðgreiðsluskyldur á Íslandi. Hún takmarkar því mögulega kaupendur bréfanna fyrir erlenda aðilann, ef hann ekki sættir sig við að staðgreiðsla sé tekin af söluverði hans. Breytingin á þessu ákvæði er tæknilega séð mjög einföld og felst í því að breytingin sem gerð var með 1. gr. laga nr. 95/1995 er felld brott.

Virðingarfyllst,

Ari Edwald, framkvæmdastjóri

Rýrnun fyrningargrunna vegna verðbólgu og áhrif á tekjuskattsgreiðslur fyrirtækja. M.kr.

	2,5% verðbólga			5% verðbólga			10% verðbólga		
	Fyrningargrunnar	Stækkun tekjusk. stofns	Aukning skattgreiðslna	Fyrningargrunnar	Stækkun tekjusk. stofns	Aukning skattgreiðslna	Fyrningargrunnar	Stækkun tekjusk. stofns	Aukning skattgreiðslna
Í upphafi	901.145			901.145			901.145		
Eftir eitt ár	880.608	1.438	252	861.049	2.807	481	824.598	5.358	877
2 ár	861.979	2.742	481	825.544	5.292	907	759.897	9.887	1.618
3 ár	845.177	3.918	688	794.284	7.480	1.282	705.520	13.694	2.241
4 ár	830.124	4.971	873	766.944	9.394	1.610	660.125	16.871	2.761
5 ár	816.745	5.908	1.038	743.223	11.055	1.895	622.529	19.503	3.191
6 ár	804.967	6.732	1.182	722.838	12.482	2.140	591.688	21.662	3.545
7 ár	794.719	7.450	1.308	705.524	13.693	2.347	566.685	23.412	3.831
8 ár	785.935	8.065	1.416	691.036	14.708	2.521	546.713	24.810	4.060
9 ár	778.549	8.582	1.507	679.144	15.540	2.664	531.065	25.906	4.239
10 ár	772.497	9.005	1.581	669.633	16.206	2.778	519.119	26.742	4.376
11 ár	767.720	9.340	1.640	662.303	16.719	2.866	510.331	27.357	4.477
12 ár	764.159	9.589	1.684	656.969	17.092	2.930	504.227	27.784	4.547

Fjármunaeign atvinnulífsins var um 900 milljarðar króna í lok árs 2000 skv. mati Þjóðhagsstofnunar.

Afskriftir voru tæpir 60 milljarðar króna, eða um 7% af fjármunaeign fyrra árs.



Afskriftarreglur í nokkrum löndum árið 2001

	Afskriftaraðferð	Byggingar				Vélar og tæki	Skrifst.-tæki	Skip	Flugvélar	Ökutæki		
		Almennt	Skrifstofu-húsnæði	Iðnaðar-húsnæði	Verslunar-húsnæði					Almennt	Bílar	Stærri ökut.
Austurríki	Línuleg	2-4%				10-20%	10-25%			13%		
Belgía	Línuleg		3%	5%		10-20%	10-15%			20-33%		
Danmörk	Línuleg eða stigl.		0%	5%	5%	25%	25%	25%		25%		
Finnland	Stiglækkandi	4-20%		7%	7%	0-25%						
Frakkland	Línuleg	2-5%		5%		5-10%	10-20%			20-25%		
Þýskaland	Línuleg eða stigl.	3%				10-12%	10-20%			20%		
Grikkland	Línuleg eða stigl.	5 eða 8%				15%	20%				15%	20%
Ísland	Línuleg		1-3%	3-6%	1-3%	5-15%	10-20%	5-10%	5-10%		5-10%	10-20%
Írland	Línuleg	2-4%		4%		15%				20%		
Ítalía	Línuleg					3-15%						
Lúxemborg	Línuleg eða stigl.	1,5-4%		4%		10%	20%			25%		
Holland	Línuleg eða stigl.	2-3%				10-20%	10-33%			20-33%		
Nýja-Sjáland	Línuleg eða stigl.	3%								10-30%		
Noregur	Stiglækkandi		0 eða 1%	2 eða 6%			25%	14%	12%		15%	20%
Portúgal	Línuleg			5%	2%	5-33,3%	12,5-25%			12,5-25%		
Spánn	Línuleg eða stigl.			3%	2%	10-12%	10-15%			16%		
Svíþjóð	Línuleg eða stigl.		2%	4%	2-5%	20%	20%			20%		
Sviss	Línuleg eða stigl.			3,5-4%	1,5-2%	15%	20%			20%		
Bretland	Stiglækkandi			4%		25%						
Bandaríkin	Línuleg eða stigl.	2,5%		8-14%		8-14%	8-14%			8-20%		

Stiglækkandi: Decreasing balance.

Stiglækkandi hlutföll eru yfirleitt hærri en línuleg. Þar sem val er á milli línulegra og stiglækkandi afskrifta eru línuleg hlutföll uppgefin.



**Eftirstöðvar rekstrartapa og endurgreiðslur í nokkrum löndum árið 2001**

	Eftirstöðvar rekstrartapa	Endurgreiðslur tekjuskatts (Carryback)
Ástralía	Engin tímamörk á frádráttarbærni.	
Austurríki	Engin tímamörk á frádráttarbærni.	
Belgía	Engin tímamörk á frádráttarbærni.	
Danmörk	Frádráttarbær í 5 ár.	
Finnland	Frádráttarbær í 10 ár.	
Frakkland	Frádráttarbær í 5 ár, þó lengur í vissum tilvikum.	
Þýskaland	Engin tímamörk á frádráttarbærni.	1 ár.
Grikkland	Frádráttarbær í 5 ár.	
Ísland	Frádráttarbær í 8 ár.	
Írland	Engin tímamörk á frádráttarbærni.	
Ítalía	Frádráttarbær í 5 ár.	
Lúxemborg	Engin tímamörk á frádráttarbærni.	
Holland	Engin tímamörk á frádráttarbærni.	3 ár.
Nýja-Sjáland	Engin tímamörk á frádráttarbærni.	
Noregur	Frádráttarbær í 10 ár.	
Portúgal	Frádráttarbær í 6 ár.	
Spánn	Frádráttarbær í 10 ár.	
Svíþjóð	Engin tímamörk á frádráttarbærni.	
Sviss	Frádráttarbær í 7 ár.	
Bretland	Engin tímamörk á frádráttarbærni.	
Bandaríkin	Frádráttarbær í 20 ár.	2 ár

Heimild: Ernst&Young. Worldwide Corporate Tax Guide 2001